



RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK hefur á undanförunum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 60% þess er jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.rarik.is

Framkvæmdastjóri tæknisviðs

RARIK óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra tæknisviðs. Tæknisvið ber ábyrgð á tæknimálum fyrirtækisins. Meginverkefni sviðsins eru gerð fjárfestingaráætlana, áætlanagerð um uppbyggingu og hönnun veitukerfa RARIK ásamt hönnun, verkefnastjórnun og umsjón með stærri framkvæmdum.

Leitað er að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra rekstri sviðsins. Næsti yfirmaður er forstjóri RARIK og starfsstöðin er í Reykjavík.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á tæknimálum og tæknigögnum
- Umsjón með framkvæmdastefnu fyrirtækisins
- Áætlanagerð um uppbyggingu og hönnun veitukerfa
- Yfirumsjón með mælingum, afhendingagæðum, söfnun mæligagna og ráðgjöf til viðskiptavina
- Umsjón með stærri framkvæmdum fyrirtækisins
- Gerð rekstraráætlana sviðsins og eftirlit með þeim
- Yfirumsjón með tengingu virkjana og samningum við Landsnet
- Samskipti við ytri aðila, viðskiptavini og starfsmenn

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af rafveitustörfum
- Farsæl stjórnunarreynsla
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225

intellecta

Ráðgjöf

Ráðningar

Rannsóknir



ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?

ÞJÓNUSTUSÉRFRÆÐINGUR

Marel óskar eftir að ráða þjónustusérfræðing til starfa hjá iðnaðarsviði alifugla, Marel Poultry, í Garðabæ. Við leitum að fjölhæfum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni í þverfaglegu teymi. Starfið krefst góðra samskiptahæfileika og þekkingar á iðntækni- eða hátæknifræði.

Starfssvið:

- Sérhæfð þjónusta við viðskiptavinum Marel um allan heim
- Stuðningur við tæknimenn í þjónustuneti Marel
- Innleiðing vinnslukerfa fyrir alifugla hjá viðskiptavinum
- Kennsla á kerfi Marel, gerð kennsluefnis og þjónustuleiðbeininga
- Samskipti við vörubrúun um úrbætur og hönnun tækja og lausna

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði rafmagnstækni- eða hátæknifræði (mechatronics)
- Grunnþekking á iðnstýringum er kostur
- Áhugi á að vinna með ólíku fólki frá mismunandi menningarheimum
- Góðir samskiptahæfileikar og mikil þjónustulund
- Mjög góð enskukunnátta og kunnátta í fleiri tungumálum er kostur

Nánari upplýsingar veitir Sigurpáll Jónsson, yfirmaður iðnaðarsviðs alifugla á Íslandi, Sigurpall.jonsson@marel.com.

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2017. Sótt er um á vef Marel, www.marel.is/störf

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 5100 starfsmenn, þar af um 600 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaíðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugt fólk, konur og karla, sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegt mótuneyti, framúrskarandi íþróttáðstöðu og gott félagslíf.



Bolungarvíkurkaupstaður

Fjármála- og skrifstofustjóri



Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf fjármála- og skrifstofustjóra. Starfið er mjög margþætt og krefst því góðrar færni á ýmsum sviðum. Fjármála- og skrifstofustjóri er yfirmaður á bæjarskrifstofu ásamt því að stýra fjármálum sveitarfélagsins. Ráðning er tímabundin til eins árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Umsóknarfrestur

11. desember

Starfssvið

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum bæjarskrifstofu.
- Ábyrgð á daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningum og kostnaðareftirliti.
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar.
- Eftirfylgni með framgangi rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna mála er snúa að fjármálum og annarri þjónustu bæjarfélagsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6072

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga kostur.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni.
- Samviskusemi og nákvæmni í starfi.

Bolungarvík er rúmlega 900 manna bæjarfélag. Þar er góður grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug. Frábær aðstaða fyrir menningarviðburði, nýtt hjúkrunarheimili, ný félagsmiðstöð fyrir unglíngla, íbúðir fyrir aldraða og stutt í alla þjónustu. Á næstu árum standa svo fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í bænum. Talsverður vöxtur hefur verið í atvinnulífnum á undanförunum árum. Miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar í Bolungarvík eru í sjónmáli og stöðugt skapast ný tækifæri til sóknar.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Rio Tinto



Rafvirki

Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa, til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- » Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á rafbúnaði
- » Bilanagreining á framleiðslubúnaði
- » Almenn viðgerðarvinna
- » Samskipti við framleiðsludeildir

Menntunar – og hæfniskröfur:

- » Sveinspróf í rafvirkjun
- » Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- » Góðir samskiptahæfileikar
- » Almenn tölvuþekking
- » Reynsla af rafvirkjavinnu í iðnaðarumhverfi og háspennubúnaði er kostur

Nánari upplýsingar veita Stefán

Þór Ragnarsson og/eða Ágúst Helgi Jóhannesson í síma 560 7000.

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út atvinnuumsókn á vef fyrirtækis

www.riotinto.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember 2017.

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál eru forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotinto.is

Harpa

Fasteignastjóri

Harpa auglýsir starf fasteignastjóra laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf við rekstur fasteignarinnar, fasteignastjóri heyrir undir forstjóra og á sæti í framkvæmdaráði hússins.

Umsóknarfrestur

4. desember
Starfssvið

- Húsumsjón, húsvarsla og hústrektur í Hörpu.
- Öryggismál og rekstur hússtjórnarkerfa.
- Yfirumsjón með viðhaldi og fjárfestingu.
- Áætlanagerð, tekju – og kostnaðareftirlit.
- Gerð þjónustusamninga.
- Yfirumsjón með ræstingu, nýtingu á rafmagni, hita og loftræstingu.
- Umsjón með umhverfisstefnu Hörpu, grænum skrefum og gæðamálum.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6068
Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af umsjón og rekstri fasteigna.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi.
- Skipulagshæfni og færni til að stýra flóknum verkefnum.
- Jákvætt viðmót, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku – og enskukunnátta.



Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendir og erlendir. Hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð menningarlífs fyrir alla landsmenn og áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna. Félagið er hlutafélag í eigu ríkis (54%) og Reykjavíkurborgar (46%) og er starfsemin grundvölluð á eigendastefnu þeirra.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Akureyrarbær

Sviðsstjóri skipulagssviðs

Akureyrarbær auglýsir eftir teymismiðuðum einstaklingi í starf sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar. Sviðsstjóri skipulagssviðs er yfirmaður sviðsins og er jafnframt skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar. Meginverkefni skipulagssviðs eru gerð aðal- og deiliskipulags, veiting byggingarleyfa og eftirlit með byggingarframkvæmdum, undirbúningur erinda fyrir skipulagsráð ásamt því að veita þjónustu og ráðgjöf til íbúa og fyrirtækja.

Umsóknarfrestur

11. desember
Starfssvið

- Umsjón og eftirlit með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu.
- Ábyrgð á daglegum rekstri skipulagssviðs þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum.
- Áætlanagerð og stefnumótun í samstarfi við skipulagsnefnd.
- Annast samskipti við hagsmunaaðila, nágrennasveitarfélög og stofnanir ríkis og sveitarfélaga.
- Ábyrgð á að veitt sé ráðgjöf og fræðsla til bæjaryfirvalda, stjórnenda og annars starfsfólks.
- Skipulagning og umsjón kynninga og opinna funda, þ.m.t. málþinga og ráðstefna.
- Ábyrgð á innleiðingu og framfylgd jafnréttismála og umhverfismála á sviðinu.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6071
Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur skv. 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar r. 90/2013.
- Reynsla af starfi tengdu skipulags- og byggingarmálum er skilyrði.
- Þekking á þeim lögum og reglugerðum sem sviðið starfar eftir.
- Þekking og reynsla af þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg.
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi.



www.akureyri.is
Akureyri
 ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.500. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

DEILDARSTJÓRI SÖLU OG ÞJÓNUSTU

Flügger

Flügger óskar eftir að ráða til sín deildarstjóra sölu og þjónustu.

Um nýtt starf er að ræða og er viðkomandi yfirmaður 5 manna söluteymis. Leitað er að starfsmanni sem er jákvæður í samskiptum og hefur metnað til að vinna með söluteymi sem byggir á fagþekkingu og reynslu.

HELSTU VERKEFNI:

- Daglegur rekstur söludeildar
- Áætlanagerð og skipulagning
- Greining viðskiptataækifæra
- Tengslamyndun og sóknarsala
- Fræðsla og miðlun upplýsinga
- Erlend samskipti innan Flügger keðjunnar

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af stjórnun og vinnu með söluteymi
- Stefnumiðuð hugsun og skipulagshæfni
- Innsýn í markaðsmál og reynsla af greiningarvinnu
- Miklir samskiptahæfileikar
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur

Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum, agla@radum.is.

Sótt er um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Flügger á Íslandi rekur 6

verslanir víðs vegar um landið en höfuðstöðvarnar eru í Danmörku og eru verslanir Flügger rúmlega 550. Verslanir eru staðsettar í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Póllandi, Íslandi og í Kína. Flügger byggir afkomu sína á sölu til fagmanna og hjá Flügger starfa málara og málarameistarar með mikla reynslu auk starfsmanna sem koma að þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.

ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



FORSTÖÐUMAÐUR VÖRU- OG VERKEFNASTÝRINGAR

Creditinfo á Íslandi leitar að framúrskarandi leiðtoga inn í framtíðina. Við bjóðum metnaðarfullt starf í skemmtilegum hópi af sterku fagfólki í heimi fjölbreyttra tækifæra bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi.

Sviðið ber ábyrgð á öllum vörum Creditinfo hérlendis og þróun þeirra til framtíðar. Lögð er mikil áhersla á notendamiðaða vörubrúun og eru starfsmenn sviðsins í nánnum samskiptum við bæði viðskiptastýringu og viðskiptavini. Vörur Creditinfo spila lykilhlutverk í ákvörðunartöku og stafrænni vegferð íslenskra fyrirtækja.

Creditinfo á Íslandi er hluti af Creditinfo Group sem er í miklum vexti og starfar nú í 26 löndum. Mikið samstarf er milli landa og mun forstöðumaður vöru- og verkefnastýringar taka virkan þátt í alþjóðlegri vörubrúun með móðurfélaginu. Forstöðumaður situr í framkvæmdastjórn Creditinfo á Íslandi og heyrir beint undir framkvæmdastjóra félagsins.

MENNTUN OG HÆFNI

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tölvunarfræði
- Reynsla af því að vinna sem vörustjóri eða verkefnastjóri í upplýsingatækni
- Góður skilningur á bæði tækni- og viðskiptahlíðinni
- Reynsla af stjórnunarstörfum er mikill kostur
- Metnaður, frumkvæði, heildarsýn og samkiptahæfileikar

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið atvinna@creditinfo.is merkt „Forstöðumaður vöru- og verkefnastýringar“.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri (brynja@creditinfo.is).

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2017.

UM OKKUR

Creditinfo er ört vaxandi, alþjóðlegt fyrirtæki á sviði miðlunar fjárhags- og viðskiptaupplýsinga. Tilgangur Creditinfo er að auka virði upplýsinga í þágu einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum.

Fyrirtækið er íslenskt að uppruna og fögnum við 20 ára afmæli í ár. Hjá félaginu starfa um 50 manns hérlendis og tæplega 500 manns út um allan heim.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli

- Leiðbeinandi á tómstundaheimili

Holtakot

- Deildarstjóri

Íþróttamiðstöðvar Garðabæjar

- Ásgarður - eftirlit og ræsting í kvennaklefa

Fjölskyldusvið

- Þroskaþjálfari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.



GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels and operates independently of the EEA EFTA States. It currently employs 70 staff members of 16 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Internal Market Affairs Officer (Procurement)

ESA is recruiting an Officer to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA). The successful candidate will be assigned responsibilities for surveillance work in relation to the application of general Internal Market law.

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law.

Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

For this particular vacancy, we are looking for candidates with experience of dealing with EEA public procurement law. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law. We are looking for a well-qualified candidate with at least 5 years' relevant experience from the public and/or private sector.

JOB REFERENCE 16/2017

Deadline for applications:
17 December 2017

Start date:
May 2018 (or earlier if possible)

For full details of this position and to apply please visit: <https://jobs.eftasurv.int>



66°NORÐUR á sér 90 ára sögu og er því eitt elsta starfandi framleiðslufyrirtæki landsins. Frá upphafi hefur það verið metnaður okkar að framleiða útivistarfatnað sem stenst alla duttlunga íslenskrar veðráttu. Í dag eru vörur 66°NORÐUR eftirsóttar hér heima og erlendis og eru þekktar fyrir styrk, endingu og frábæra hönnun. 66°NORÐUR er líflegur og spennandi vinnustaður með alþjóðlega starfsemi, þar sem drifkraftur, ævintýraþrá og reynsla af íslenskri veðráttu koma að góðum notum.

Við leitum að öflugum starfsmönnum í tvö spennandi störf

Mannauðsstjóri

Við leitum að öflugum leiðtoga í starf mannauðsstjóra 66° Norður sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum, frumkvæði, metnaði og brennandi áhuga á að ná árangri í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á ferli starfsmanns frá ráðningu til starfsloka. Helstu hlutverk eru að halda utan um og þróa áfram starfsmannastefnu 66° Norður, miðla upplýsingum um réttindi og skyldur og leiða breytingar innan fyrirtækisins.

Starfssvið

- Stefnumörkun í mannauðsmálum félagsins
- Þjálfunar- og fræðslumál
- Val og ráðning nýrra starfsmanna í samráði við stjórnendur
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn
- Umsjón og gerð starfslýsinga
- Umsjón við jafnlaunavottun
- Umsjón og innleiðing mannauðsmælinga og ferla
- Önnur verkefni sem upp koma

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla og þekking á starfsmannamálum er nauðsynleg
- Reynsla af alþjóðlegu viðskiptaumhverfi kostur
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af upplýsingakerfum
- Mjög góð enskukunnátta

Sérfræðingur á framleiðslusviði

Við leitum að öflugum einstaklingi með framúrskarandi greiningarhæfni í starf sérfræðings á framleiðslusviði 66° Norður. Starfið felur einnig í sér að sinna hlutverki aðstoðarmanns framkvæmdastjóra framleiðslusviðs.

Starfssvið

- Gerð framleiðslu- og innkaupaáætlana
- Innkaup á fullnum vörum
- Samskipti við verksmiðju fyrirtækisins og verktaka
- Skýrslugerð og greiningarvinna
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða tengdum greinum
- Mjög góð Excel-kunnátta
- Þekking á Microsoft Dynamics AX er kostur
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta í rituðu og mæltu máli
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar



Upplýsingar veita:

Sverrir Briem - sverrir@hagvangur.is
Gyða Kristjánsdóttir - gyda@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.

STÖRF Í BOÐI

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Við leitum að:

- ♦ **Vélvirkjum/vélstjórum** í viðhald og nýsmíði.
- ♦ **Smiði** í mótasmíði.
- ♦ **Lagerstarfsfólki** m. vinnuvélaréttindi og/eða meirapróf.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is fyrir 5. des.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverksmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbýgginga. Innan fyrir-tækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkunnátta í árunna rás. Við höfum á að skipta öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.



EININGAVERKSMIÐJAN

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



Lagermaður

Verzlunartækni tekur í gagnið á næstunni nýtt og fullkomið vöruhús við Dragháls

Óskum eftir starfsmanni á lager

Vinnutími virka daga frá kl 08:00 -17:00

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af lagerstörfum eða sambærilegu starfi, leggjum áherslu á góða þjónustulund, heiðarleika og stundvísi. - Lyftararéttindi æskileg.

Upplýsingar um umsækjenda, aldur og starfsferil óskast sendar á netfangið sht@verslun.is

Frekari upplýsingar veitir Sigurður í síma: 896 5400

Allt hjá okkur



TAKTIC_498.3#



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Dragháls 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is



Vertu með í frábærum hóp

ILVA er glæsileg húsgagna- og gjafavöruslun sem orðin er þekkt meðal landsmanna fyrir gæði og þjónustu. Við viljum vera stolt af starfsfólki okkar og að starfsfólkið sé stolt af okkur.

ILVA verslun

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til sölu- og þjónustustarfa bæði í fullt starf og í helgarstörf. Viðkomandi þarf að hafa næmt auga fyrir straumum og stefnum sem og framsetningu húsgagna og gjafavöru. Reynsla af sölu húsgagna og gjafavöru er kostur. Aldurstakmark er 20 ár.

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun.
Áhugasamir geta sótt um á www.ilva.is eða sent umsóknir á netfangið audur@ilva.is

Óska eftir sölumönnum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í jan 2018. Mikilvægt er að viðkomandi sé með gott sjálfstraust og hafi reynslu af sölumennsku.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

sala@passinn.is

Rekstraraðili golfskála

Golfklúbbur Öndverðarness leitar að nýjum rekstraraðila fyrir golfskálann.

Leitað er að metnaðarfullum rekstraraðila sem sér um og ber ábyrgð á veitingarekstri og þjónustu klúbbsins við golfara í maí – sept. ár hvert. Daglegur opnunartími golfskálans er að jafnaði kl 8-20 alla vikudaga sumarsins. Æskilegt er að viðkomandi sé matreiðslumaður og/eða hafi reynslu af veitingarekstri.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Steinþórsson formaður GÖ í síma 8965865 milli kl 12-14. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið allist@internet.is í síðasta lagi 7. desember. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Golfklúbbur Öndverðarness var stofnaður 1974 og er einn af stærstu og framsæknustu golfklúbbum landsins. Félagar hafa verið rúmlega 500 undanfarin ár. Öndverðarnessvöllur er 18 holar og þjónar sívaxandi sumarhúsaþbyggð í Grímsnesi og nærsveitum. Um 3.000 sumarhús eru innan 20 mínúta aksturjarlægðar og einungis tekur tæpa klukkustund að aka til GÖ frá höfuðborgarsvæðinu. Golfskáli GÖ er glæsilegur með vel tækjum búið eldhúsi og veislusal sem tekur 180 manns í sæti.

Sérfræðingur og kennari í tölvutækni og sjálfvirkni við tæknifræðinám Háskóla Íslands og Keilis

Keilir óskar eftir að ráða sérfræðing og kennara við tæknifræðinám skólans.

Starfssvið eru umsjón og kennsla áfanga sem snúa að forritun og forritunarmálum, auk áfanga sem snúa að tölvutækni og tölvustýringum. Þá er gert ráð fyrir þátttöku í innra starfi tæknifræðinámsins og uppbyggingu á starfs- og þróunarumhverfi tæknifræðinámsins.

Hæfniskröfur eru próf (mastersgráða) í tæknifræði, verkfræði, tölvunarfræði eða öðru sambærilegu námi sem nýtist starfi. Reynsla af háskólakennslu og úr atvinnulífinu er kostur.

Umsóknarfrestur er til 1. desember og við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um. Nánari upplýsingar á www.keilir.net eða í síma 578 4000.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða starfsmann í dagræstingu

Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum og líflegum vinnustað.
- Vinnutími milli 8 og 16.

Hæfniskröfur:

- Samviskusemi.
- Íslenskukunnátta.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar gefur Magnea Ragna Ögmundsdóttir skrifstofustjóri, ragnao@verslo.is eða í síma 5900600.

Umsóknarfrestur er til 3. desember og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið ragnao@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1100 nemendum.



GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir vönum lyftaramönnum og bílstjórum skilyrði er að þeir séu 20 ára eða eldri.

Lyftarmenn og bílstjórar 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

vinna@ger.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn.




HÚSGAGNA
HÖLLIN



DORMA
Lattu drauminn rættast

Borgarbyggð auglýsir starf byggingarfulltrúa laust til umsóknar



Borgarbyggð auglýsir starf byggingarfulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi. Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á byggingarmálum og hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Helstu verkefni byggingarfulltrúa eru yfirferð og afgreiðsla byggingarleyfisumsókna vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda, stöðuleyfa og fyrirspurna auk útgáfu byggingarleyfa að uppfylltum skilyrðum.

Byggingarfulltrúi annast að auki eftirlit með byggingarframkvæmdum og frágangi þeirra, sem og umhverfi lóða til samræmis við samþykkt gögn, skilmála, byggingarreglugerð og lög sem því tengjast.

Hann sinnir einnig öðrum verkefnum sem falla undir verksvið byggingarfulltrúa og umhverfis- og skipulagssvið hverju sinni.

Menntunar- og hæfniskröfur eru háskólamenntun á sviði byggingarmála með löggildingu í mannvirkjahönnun skv. 25. gr. laga um mannvirki og reynsla á sviði byggingarmála og lagaumhverfis þess. Lögð er áhersla á frumkvæði, skipulagshæfni, fagmennsku og góða samskiptahæfileika.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 27. nóvember n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnlaugur Júlíusson sveitarstjóri í síma 433-7100. Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til borgarbyggd@borgarbyggd.is



BORGARBYGGÐ

Forstöðumaður Alþjóðasviðs

Borgun óskar eftir að ráða öflugan stjórnanda á Alþjóðasvið til að taka þátt í þróun og uppbyggingu erlendar starfsemi félagsins.

Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Alþjóðleg reynsla kostur
- Góður fjármála- og tækniskilningur
- Góð enskukunnátta

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur og stjórnun Alþjóðasviðs
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila og viðskiptavinum
- Öflun nýrra viðskiptasambanda og tækifæra erlendis
- Stefnumótun og framfylgni hennar
- Ábyrgð á vöru- og þjónustubrúun

 HAGVANGUR

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Upplýsingar veita Sverrir Briem á sverrir@hagvangur.is og Katrín S. Óladóttir á katrin@hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. des. nk. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað að ákvörðun lokinni.

BORGUN



Ert þú meistari í mannauðsmálum?

Við leitum að mannauðsstjóra og mannauðsfulltrúa fyrir Hrafnistuheimilin

Óskað er eftir öflugum og jákvæðum sérfræðingum í mannauðsmálum til að stýra og taka þátt í áframhaldandi eflingu mannauðs Hrafnistuheimilanna. Mannauðsdeild er stoðdeild innan Hrafnistu sem vinnur náið með stjórnendum og starfsmönnum Hrafnistuheimilanna. Mannauðsdeild heyrir undir rekstrarsviði, sem er annað tveggja stoðsviða Hrafnistu.

Mannauðsstjóri

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á þróun og framkvæmd mannauðsstefnu Hrafnistu, stuðningi við stjórnendur varðandi mannauðsmál og eftirfylgni mannauðsverkefna.

Helstu verkefni:

- Alhliða ráðgjöf til stjórnenda á sviði mannauðsmála
- Skipulag og yfirumsjón með mönnum og ráðningu starfsfólks
- Stuðlar að góðum samskiptum og góðum starfsanda
- Ábyrgð á verkefnum á sviði viðverustjórnunar og vinnuverndar
- Framkvæmd kannana meðal starfsmanna og eftirfylgni úrbóta-verkefna þeim tengdum
- Yfirumsjón og ábyrgð á skjalagerð s.s. ráðningarsamningum og starfslýsingum
- Áætlanagerð varðandi mönnum og launakostnað
- Samskipti við stéttarfélag, túlkun kjarasamninga og þátttaka í samningagerð
- Skipulag og yfirumsjón með þjónustu mannauðsfulltrúa
- Yfirumsjón með tölfraeðigreiningu á sviði mannauðsmála

Hæfniskröfur:

- Framhaldsnám á sviði mannauðsstjórnunar
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar nauðsynleg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á lagalegum hliðum mannauðsstjórnunar
- Þekking og/eða reynsla af úrvinnslu tölfraeðilegra gagna
- Rík þjónustulund

Mannauðsfulltrúi

Mannauðsfulltrúi starfar í mannauðsdeild Hrafnistu og heyrir undir mannauðsstjóra. Mannauðsfulltrúi sinnir þjónustu inni á heimilunum og fer því á milli heimila samkvæmt skipulagi þar um.

Helstu verkefni:

- Stuðningur við stjórnendur og starfsmenn á sviði mannauðsmála
- Vinna við starfsauglýsingar og samskipti við ráðningarþjónustu
- Upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi kjaramál og túlkun kjarasamninga
- Úrvinnsla kannana, kynning á niðurstöðum og eftirfylgni umbótaverkefna
- Gerð ráðningarsamninga og starfslýsinga
- Stuðlar að góðum samskiptum og góðum starfsanda
- Úrvinnsla greininga á sviði mannauðsmála
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og rík þjónustulund
- Þekking og/eða reynsla af úrvinnslu tölfraeðilegra gagna

Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017. Umsókn, ásamt ferilskrá og ýtarlegu kynningarbréfi, skal senda í gegnum heimasíðu Fast Ráðninga, www.fastradningar.is. Óskað er eftir einnar blaðsíðu kynningarbréfi þar sem á skipulegan hátt er gerð grein fyrir reynslu viðkomandi af helstu verkefnum sem fylgja starfinu. Nánari upplýsingar veitir Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Hrafnistu, harpa.gunnarsdottir@hrafnista.is og Lind Einarsdóttir, lind@fastradningar.is, eða í síma 552-1606.

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra skjólstæðinga heimilanna.



Hrafnista Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur | Garðabær | Nesvellir | Hlévangur



Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir sérfræðingi í útgáfu þingskjala. Sjá nánar á starfatorg.is.

NEED A JOB?

AP-Prif is looking for people – full time and part time jobs

AP-Prif is looking for people to hire, both for full time job and part time job. Preferably between 20–40 years of age, Icelandic and/or English speaking with driving license. Clean criminal record required.

Please apply via www.ath-thrif.is or send email: gerda@ath-thrif.is

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY



Varahlutaverslun - Lagerstarfsmaður óskast

Við auglýsum nú eftir öflugum liðsmanni sem er tilbúin til þess að taka þátt í spennandi vexti og þróun fyrirtækisins með okkur. Starfið fellst í hefðbundnum lagerstöfum auk tilfallandi verkefna. Íslenskukunnátta og haldgóð þekking á bifreiðum eru skilyrði.



Nánari upplýsingar í síma 555 8000
Umsóknir sendist á velanaust@velanaust.is
www.velanaust.is



Sjálfsbjargar
HEIMILIÐ

HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ENDURHÆFINGARIBÚÐ - SUNDLAUG
ÞEKINGARMÍÐSTÖÐ



Hjúkrunarfræðingur óskast til afleysingastarfa Við leitum til þín.

Okkur vantar hjúkrunarfræðing í janúar 2018 í hlutastarfi, um er að ræða 70-80% starf þar sem unnið er 4 hverja helgi. Einnig er unnið á bakvöktum. Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði.

Vinsamlega hafðu samband við Guðrúnu Erlu Gunnarsdóttur hjúkrunarforstjóra í síma 5500330 eða gudrun@sbh.is, sem allra fyrst.

Sjálfsbjargarheimilið rekur búsetuþjónustu og fleiri starfsemiþætti í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, 105 R. Sjálfsbjargarheimilið hlaut útnefninguna Stofnun ársins 2014 og hafði þar áður verið valin fjórum sinnum sem fyrirmyndarstofnun af SFR – stéttarfélagi í almannathjónustu.

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is





**Sjálfsbjargar
HEIMILIÐ**

HEIMILI - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ
ENDURHÆFINGARÍBÚÐ - SUNDLAUG
ÞEKKINGARMÍÐSTÖÐ



Aðhlyningarstörf

**Ertu sjúkraliði, sérhæfður starfsmaður,
nemandi á heilbrigðisviði**

Við leitum til þín.

Okkur vantar starfsmann nú þegar eða sem allra fyrst, starfshlutfall samkomulag, unnið er á morgunvöktum og kvöldvöktum og síðan aðra hvora helgi. Einnig vantar starfsmann í blandað starf, þar sem unnið frá kl. 8-16 og sér starfsmaður um morgunverð og eftir það ræstingu í þessu starfi er frí um helgar.

Vinsamlega hafðu samband við Guðrúnu Erlu Gunnarsdóttur hjúkrunarforstjóra í síma 5500330 eða gudrun@sbh.is, sem allra fyrst.

Sjálfsbjargarheimilið rekur búsetuþjónustu og fleiri starfsemiþætti í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, 105 R. Sjálfsbjargarheimilið hlaut útnefninguna Stofnun ársins 2014 og hafði þar áður verið valin fjórum sinnum sem fyrirmyndarstofnun af SFR – stéttarfélagi í almannáþjónustu.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Engjaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Engjaborg.

Engjaborg er fjögurra deilda leikskóli í Engjahverfi í Grafarvogi í Reykjavík. Gildi leikskólans eru *virðing, gleði, agi og kærleikur*. Leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia og mikil áhersla er lögð á skapandi starf, frumkvæði barna og lýðræði í leikskólastarfi. Þema-dagar, s.s. íþróttadagar, bókadagar og búningadagar, skipa stóran sess í starfinu og útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á mikla möguleika. Unnið er með skráningar og ferilmöppur barna um veru þeirra og vinnu í leikskólanum.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarfi í Engjaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögum og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. febrúar 2018. Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111. Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir

Spennandi störf í nýrri verslun Lyfju



Lyfja leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og skipulögðum einstaklingum með ríka þjónustulund til starfa í nýrri og glæsilegri verslun Lyfju við Hafnarstræti í Reykjavík.

Umsjónarmaður verslunar

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Yfirumsjón með versluninni – útlimi, framstillingu á vörum, sölutölum og pöntunum.
- Samskipti við birgja.
- Ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum.
- Afgreiðsla á kassa.
- Afhending lyfja gegn lyfseðli.
- Afgreiðsla á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Vinnutími er frá kl. 9–16/17 alla virka daga og frá 11–16 annan hvern laugardag.

Lyfjateknir

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Lyfjapökkun og aðstoð í reseptúr.
- Ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum.
- Afgreiðsla á kassa.
- Afhending lyfja gegn lyfseðli.
- Afgreiðsla á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Vinnutími er frá kl. 9 alla virka daga og frá kl. 11–16 aðra hverja helgi. Um 100% starfshlutfall er að ræða.

Sölu- og afgreiðslufólk

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum.
- Afgreiðsla á kassa.
- Afhending lyfja gegn lyfseðli.
- Afgreiðsla á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Um tvö störf er að ræða, annars vegar fullt starf frá kl. 9 og hins vegar hlutastarfið eftir hádegi. Í báðum störfum er unnið á laugardögum aðra hverja helgi 11–16.

Umsóknarfrestur er til 10. desember nk. Áhugasamir sækja um á www.lyfja.is.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Vilt þú taka þátt í baráttunni gegn krabbameinum?

Krabbameinsfélagið leitar að skipulögðum, sjálfstæðum og drífandi hjúkrunarfræðingum til starfa á leitarstöð félagsins.

Hjúkrunardeildarstjóri – 100% starf

Helstu verkefni deildarstjóra eru að stýra daglegu starfi leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og vera í forystu fyrir framþróun og umbótum á starfi stöðvarinnar ásamt öðrum stjórnendum, auk þess að sinna m.a. símaráðgjöf vegna skimana. Deildarstjóri starfar í nánú samstarfi við lækna, ljósmæður, geislafræðinga, lífeindafræðinga og starfsmenn í móttöku leitarstöðvar, auk annars starfsfólks.

Hjúkrunarfræðingur 60 – 80% starf

Helstu verkefni hjúkrunarfræðings á leitarstöð eru að hafa umsjón með sérskoðunum, sinna skráningu sjúkragagna og veita símaráðgjöf vegna skimunar. Hjúkrunarfræðingur tekur einnig þátt í almennu starfi leitarstöðvar, þar með talið framþróun og umbótum á starfi stöðvarinnar. Hjúkrunarfræðingurinn er í samstarfi við annað starfsfólk leitarstöðvar og Krabbameinsfélagsins.

Bæði störfín gera kröfu um þjónustulund, skipulagshæfileika, sjálfstæði, nákvæmni og frumkvæði í starfi. Ásamt færni og lipurð í samskiptum og metnaði til að ná árangri.

Umsækjendur skulu hafa íslenskt hjúkrunarleyfi. Viðbótarmenntun í ljósmóðurfræðum er kostur og sömleiðis þekking og reynsla af kvensjúkdómum eða krabbameinum. Góð íslenskukunnátta er áskilin. Geta til að tjá sig á ensku er kostur.

Launakjör fara eftir kjarasamningi SFV við félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsóknir skal senda á helgi@krabb.is ásamt náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfum, í síðasta lagi **7. desember næstkomandi**.

Nánari upplýsingar gefur **Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins** í síma 540 1900, halla@krabb.is.

www.krabb.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Forstöðumenn frístundaheimila í Árborg

Hjá Vallaskóla og Sunnulaekjarskóla á Selfossi eru lausar 100% stöður forstöðumanna frístundaheimilanna Bifrastar við Vallaskóla og Hóla við Sunnulaekjarskóla. Á báðum stöðum eru skráðir að jafnaði u.þ.b. 150 nemendur.

Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingum með háskólamenntun sem gagnast í starfi. Á frístundaheimilunum er boðið upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Megináhersla í starfi frístundaheimilanna er fjölbreytt frístundastarf og frjáls leikur með börnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilisins fyrir 6-9 ára börn
- Skipulagning starfsins í samráði við starfsfólk frístundaheimilisins
- Samskipti og samstarf, m.a. við foreldra
- Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn
- Umsjón með starfsmannamálum
- Umsjón og ábyrgð með rekstri frístundaheimilisins í samráði við skólastjórnendur

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf á uppeldissviði; tómsunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Reynsla af stjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Áhugi á frístundastarfi
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi á frístundaheimili
- Færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Störfín eru laus frá 1. janúar 2018.

Frekari upplýsingar veita:

Vallaskóli/Bifröst: Ástrós Rún Sigurðardóttir, sími 480-5800, netfang: astros@vallaskoli.is
Sunnulaekjarskóli/Hólar: Sigrún Sighvatsdóttir, sími 480-5400, netfang: sigruns@sunnulaekjarskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2017.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn vegna Bifrastar sendist Þorvaldi H. Gunnarssyni, skólastjóra, thorvaldur@vallaskoli.is

Umsókn vegna Hóla sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is

Deloitte.



Viltu hafa áhrif?

Vilt þú taka þátt í framtíðinni í SAP S/4 HANA ?

Deloitte er eitt stærsta ráðgjafafyrirtæki heims með yfir 16.000 ráðgjafa og ríflega 3.000 viðskiptavinum í SAP, auk þess að vera einn fárra Platinum samstarfsaðila SAP. Framundan er mjög stór innleiðing á S/4 HANA hjá Deloitte í Evrópu. Af þeim sökum leitum við að sérfræðingum á sviði SAP sem langar að komast í spennandi, alþjóðleg verkefni sem m.a. fela í sér innleiðingu á S/4 HANA hjá Deloitte á Íslandi.

Þeir sérfræðingar sem veljast til starfa munu eiga kost á þjálfun og þátttöku í erlendum og innlendum verkefnum með reynslumiklum hópi sérfræðinga sem eiga að baki yfir 50 innleiðingar á S/4 HANA auk hundruða sem eru í gangi eða í undirbúningi.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Deloitte, www.deloitte.is, fyrir 3. desember 2017. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorlákssdóttir mannauðsstjóri, harpa@deloitte.is.

What impact will you make?
deloitte.is

Við leitum að sérfræðingum/ráðgjöfum í SAP sem:

- Hafa a.m.k 2-5 ára reynslu úr SAP heiminum og/eða reynslu í fjármálum, bókhaldi eða endurskoðun
- Geta unnið sjálfstætt og í hópi
- Hafa gott vald á ensku
- Eru tilbúnir til þátttöku í metnaðarfullum verkefnum innanlands sem erlendis
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og rík þjónustulund



365 óskar eftir góðu fólki

VIÐ LEITUM AÐ PHP FORRITARA TIL STARFA VIÐ TRAUSTAN FJÖLMÍÐIL SEM VERÐUR Í STÖÐUGRI ÞRÓUN

Viðkomandi þarf að:

- viðhalda og þróa vef sem skrifaður er í Craft cms / Yii Framework í samstarfi við ritstjórn
- hafa mikla starfsreynslu í object-oriented PHP og vera Full Stack forritari
- hafa auk þess mjög góða þekkingu á: MySQL, HTML, CSS, Javascript og AWS ásamt grunnþekkingu á Linux
- hafa haldgóða menntun sem nýtist í starfi
- vera lausnamiðaður, sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum
- búa yfir lipurð í mannlegum samskiptum og hafa ríka þjónustulund.

Vinsamlegast sækið um á <https://radningar.365.is> fyrir 4 des.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365



Viltu teikna með okkur?

Tækniskólinn leitar að kennara í tækniteiknun

Viðkomandi þarf að hafa reynslu í AutoCAD, Revit og Inventor. Upplýsingar gefur Gunnar Kjartansson skólastjóri Byggingatækniskólans gkj@tskoli.is

Umsóknarfrestur er til 8. desember 2017. Umsóknir berist til Þórs Pálssonar aðstoðarskólameistara thp@tskoli.is. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

Ert þú gæðablóð?

Tækniskólinn leitar að gæða- og skjalastjóra

Við hjá Tækniskólanum leitum að fjölhæfum og metnaðarfullum einstakling sem vill verða gæðstjórinn okkar. Reynsla af gæða- og skjalastjórnun er kostur. Skólinn er með vottað gæðakerfi ISO 9001 og við viljum bæta í gæðastarfið þáttum sem snúa að innra starfi í skólanum.

Helstu verkefni:
Gæðastjórnun (ISO 9001)
Skjalastjórnun
Persónuvernd
Innra starf

Umsóknarfrestur er til 2. desember. Umsóknir berist til Jón B. Stefánsson skólameistara í síma 894 2269 eða í gegnum tölvupóst jbs@tskoli.is

Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR auglýsir eftir kraftmiklum og metnaðarfullum framkvæmdastjóra í 100% starf.

Leitað er að dugmiklum og drífandi einstaklingi í fjölbreytt og skemmtilegt starf á sviði íþróttar og tómsundamála í Borgarfirði.

Ungmennasamband Borgarfjarðar rekur þjónustumiðstöð í Borgarnesi og starfssvæði sambandsins er í Borgarbyggð, Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Virk aðildarfélög eru 19 talsins og starfsemin fjölbreytt og skemmtileg.

Upplýsingar um starfið veita: Pálmi Blængsson, framkvæmdastjóri í síma 869-7092, palmi@umsb.is og Sólrún Halla Bjarnadóttir, solrunhalla78@gmail.com

Umsóknnum ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal skila á netfangið umsb@umsb.is fyrir 7. desember nk.

HELSTU VERKEFNI

- Yfirumsjón með rekstri sambandsins
- Fjármála- og starfsmannastjórnun
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar UMSB
- Samskipti við aðildarfélög og sveitarfélög á starfssvæði UMSB um íþróttamál samkvæmt fyrirbyggjandi samningi við Borgarbyggð
- Frumkvæði að aukinni samvinnu og samlegð milli félaga á starfssvæði UMSB
- Markaðssetning og kynning á starfi aðildarfélaga og UMSB

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Haldgóð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í samskiptum
- Þekking á íþróttar- og ungmenna-félagsstarfi er kostur

www.umsb.is



Vinnuvernd leitar að sálfræðingi



Vinnuvernd er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði vinnuverndar og heilsueflingar. Í dag njóta fjölmargir vinnustaðir þjónustu okkar. Á vegum Vinnuverndar starfa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, sálfræðingur og lýðheilsufræðingur auk annarra starfsmanna. Nú viljum við bæta öðrum sálfræðingi í teymið okkar!

Verkefni

- Einstaklingssamtöl
- Ráðgjöf og þjálfun
- Kannanir
- Fyrirlestrar og námskeið
- Stjórnendapjálfun o.fl.

Hvað viljum við sjá hjá þér?

- Hæfni í samskiptum
- Áhuga á að miðla þekkingu
- Vilja til að vinna með einstaklinga og hópa
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og ábyrgð

Það sem við bjóðum

- Áhugasama og skemmtilega vinnufélaga
- Spannandi verkefni
- Þverfaglegt vinnuumhverfi
- Áhugaverðan og lifandi starfsvettvang
- Sjálfstæði í starfi

Hefur þú áhuga?

Hljómi þetta eins og eitthvað fyrir þig, þá viljum við mjög gjarnan heyra frá þér.

Sendu umsókn og ferilskrá til okkar á vinnuvernd@vinnuvernd.is fyrir 9. desember.

Ef þú vilt vita meira um starfið, hafðu þá samband við Valgeir Sigurðsson, framkvæmdastjóra eða Jakob Gunnlaugsson sálfræðing í síma 578 0800.

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu

Vinnuvernd ehf. · Holtasmári 1 · 201 Kópavogur · 578 0800 · www.vinnuvernd.is

Skipsstjóri

Þörungaverksmiðjan hf. auglýsir eftir að ráða skipsstjóra á Gretti BA 39

Upplýsingar veitir Björn í síma 892 3387



ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN HF.

Þörungaverksmiðjan rekur þurrkerksmiðju á Reykhólum, þar sem þang og þari eru þurrkuð í mjöl í háum gæðaflokki. Bæði framleiðsla og hráefnisöflun fyrirtækisins hafa lífræna vottun. Meginhluti framleiðslunnar er seldur á erlendum mörkuðum, þar sem hún er m.a. nýtt í framleiðslu í lyfja- og snyrtivöruiðnaði auk framleiðslu á fôðurbæti, áburði og fleiru.



Embassy
of the Federal Republic of Germany
Reykjavik

Job Vacancy

The Embassy of the Federal Republic of Germany is looking for a driver with additional craftsman's skills starting from February 2018

The applicant should have the following qualifications:

- High School Diploma
- Category B Driver's Licence and driving experience
- Work experience
- Good command of Icelandic and English (knowledge of German added plus) Computer Literacy
- Strong Working and Personal Skills

For more detailed information on requirements and job description please consult the embassy's website: <http://www.reykjavik.diplo.de>

Please forward your application in English or German until 31st December 2017.



Proskapjálfi óskast til starfa

Grunnskóli Snæfellsbæjar óskar eftir að ráða þroskapjálfa til starfa frá og með 1. janúar 2018.

Hæfniskröfur:

- Proskapjálfaþrenntun og starfsleyfi til að starfa sem slíkur
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulagshæfileikar.
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Í samræmi við jafnréttisstefnu Snæfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Umsóknir sendist fyrir 10. desember 2017 til skólastjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ eða á netfangið hilmara@gsnb.is. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason, skólastjóri í síma 894 9903 eða hilmara@gsnb.is.

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



TILKYNNNA ÖVIÐEIGANDI
EÐA ÓLOGLEGT EFNÍ
Á NETINU

S A F T

Óska eftir sölumönnum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í jan 2018. Mikilvægt er að viðkomandi sé með gott sjálfstraust og hafi reynslu af sölumennsku.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

sala@passinn.is



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Komdu að kenna í Vallaskóla!

Laus er til umsóknar 100% staða kennara í leikrænni tjáningu og ensku við Vallaskóla á Selfossi út skólaárið 2017-2018. **Umsóknarfrestur er til 4. desember 2017.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist á Þorvald H. Gunnarsson skólastjóra á netfangið thorvaldur@vallaskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á slóðinni www.vallaskoli.is. Starfið hentar jafnt körlum sem konum.

VEFSTJÓRI

Tryggingastofnun óskar eftir að ráða vefstjóra til þess að sjá um vefinn tr.is og Mínar síður á tr.is. Starfið felur jafnframt í sér þátttöku í kynningarmálum, m.a. að taka þátt í kynningarfundum, setja efni á Facebook og fleira. Um er að ræða lífandi og skapandi starf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vefumsjón og þróun vefsins
- Umsjón með Mínum síðum og þróun þeirra
- Framsetning efnis og textagerð
- Kynningarfundir og samskipti við viðskiptavinum

Hæfnikröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefumsjón er nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í að koma fram og miðla upplýsingum
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Áhugi á málaflökum stofnunarinnar

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Fræðagarður hafa gert.

Tryggingastofnun þjónar um 60 þúsund viðskiptavinum um land allt og gegnir vefurinn tr.is mikilvægu hlutverki í starfsemi stofnunarinnar. Stöðugt fleiri viðskiptavinir nýta sér Mínar síður á tr.is og er markmiðið að auka notkun þeirra enn frekar í framtíðinni.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2017.

Nánari upplýsingar veita Sólveig Hjaltadóttir framkvæmdastjóri í síma 560 4400 og Hólmfríður Erla Finnsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 4400.

TR



Tryggingastofnun

Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknaði, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: *agi, virðing, væntingar.*

Lausar kennarastöður við Borgarholtsskóla

Eftirtaldir framtíðarstöður kennara við Borgarholtsskóla eru lausar til umsóknar:

- Bifreiðasmíði, 100%
- Bifvélavirkjun, 100%
- Stærðfræði, 100%

Sjá nánar: www.bhs.is

Skólameistari

Framkvæmdastjóri Félags um stofnun Lýðháskóla á Flateyri

Framkvæmdastjóri undirbýr stofnun Lýðháskóla á Flateyri í samstarfi við stjórn félagsins, auk þess að vinna að verkefni um lýðháskóla almennt fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem kostað er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar skal greint hver staða, hlutverk og markmið slíkra skóla gæti verið í menntakerfinu svo og hugsanleg tengsl við framhaldsfræðsluferfið, auk markhópagreiningar.

Sérstök fagræð hafa undirbúið námsframboð skólans á þremur sviðum, sjálfbærni og umhverfismálum, kvikmyndavinnu og tónlistarsköpun og mun framkvæmdastjóri vinna með þeim að útfærslu og þróun námsins og skipulagi skólans.

Starfstöð framkvæmdastjóra er á Flateyri og er búseta á atvinnusvæði Ísafjarðarbæjar skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 15. desember en gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri taki til starfa 15. febrúar.

Umsóknnum skal skila til Runólfs Ágústssonar, formanns stjórnar Félags um stofnun Lýðháskóla á Flateyri á netfangið runolfur@runolfur.is.
Upplýsingar veitir formaður stjórnar í síma 695 9999.

STARFSFÓLK Í URRÍÐAHOLTSSKÓLA Í GARÐABÆ



Urriðaholtsskóli er nýr samrekin leik- og grunnskóli í Garðabæ fyrir nemendur á aldrinum 1-16 ára. Leikskóladeild skólans tekur til starfa í byrjun árs 2018. Auglýst er eftir áhugasömum og faglegum einstaklingum til að taka þátt í að móta og byggja upp nýtt skólasamfélag. Samstarf verður einkennandi fyrir alla starfshætti bæði á meðal nemenda og starfsmanna, svo og milli skólastiga.

Auglýst er eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

- **Aðstoðarskólalastjóri yngri barna**
- **Leikskólakennarar**
- **Háskólamenntaðir leiðbeinendur**
- **Leiðbeinendur í leikskóla og skólalíðar**

Í Garðabæ er lögð rík áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í því að foreldrar hafa fullt frelsi um val á skóla fyrir börn sín. Leik- og grunnskólar Garðabæjar skapa sér sérstöðu í áherslum sínum til að koma sem best á mót við fjölbreyttar þarfir nemenda og verður það verkefni hópsins að koma að stefnumótun skólans.

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2017. Gert er ráð fyrir að fyrstu ráðningar taki gildi um miðjan janúar 2018 og er samkomulag um hvenær viðkomandi getur hafið störf.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri Urriðaholtsskóla, s. 525 8500 / 621 9505, netfang thorgerdur@urridaholtsskoli.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarféлага.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is en þar má finna nánari upplýsingar um störfin.



GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



Staða leikskólastjóra við leikskólann Hulduheima

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Hulduheimum.

Hulduheimar er fjögurra deilda leikskóli í Borgahverfi í Grafarvogi í Reykjavík. Leiðarljós leikskólans eru *virðing, gleði og vinátta* og markvisst er unnið með þau í starfi með börnunum. Leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia og mikil áhersla er lögð á skapandi starf. Hulduheimar er Grænfánaskóli og tekur þátt í verkefni Heilsueflandi leikskóli og gott samstarf er við Vættaskóla – Borgir og frístundaheimilið Hvergiland. Útinám og vettvangsferðir skipa stóran sess í starfinu en útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á mikla möguleika.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Hulduheimum.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögum og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. febrúar 2018. Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111. Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Lyfsöluleyfishafi á Egilsstöðum

Lyfja leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa í Lyfju, Egilsstöðum. Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Fagleg ábyrgð á rekstri lyfjaverslunarinnar.
- Daglegur rekstur og umsýsla, m.a. starfsmannahald, velta, innkaup og eftirlit með birgðum.
- Ábyrgð á að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi og rekstrarlegum markmiðum Lyfju.
- Afgreiðsla lyfseðla ásamt faglegri ráðgjöf til viðskiptavina og starfsfólks.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafræði, gilt starfsleyfi og a.m.k. þriggja ára starfsreynsla.
- Stjórnunarþæfileikar, rik þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Vinnutími er aðra vikuna kl. 10–18 og laugardag 10–14 en hina vikuna 10–18 mánudag til fimmtudags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

LAUS STÖRF FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

Grunnskólar

- » Íþróttakennari - Hraunvallaskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
- » Skólaliði - Hraunvallaskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í Hraunsel - Hraunvallaskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Víðistaðaskóli
- » Umsjónarmaður fasteigna - Skarðshlíðarskóli
- » Frístundaleiðbeinandi - Öldutúnsskóli
- » Náttúrufræðikennari á unglingastigi - Öldutúnsskóli

Leikskólar

- » Leikskólakennari - Arnarberg
- » Leikskólakennari - Álfasteinn
- » Deildarstjóri - Hlíðarberg
- » Leikskólakennari - Hlíðarberg
- » Þroskaþjálfari - Hlíðarberg
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Deildarstjóri - Hörðuvellir
- » Leikskólakennari - Hörðuvellir
- » Leikskólakennari - Norðurberg
- » Leikskólakennari - Stekkjarás
- » Leikskólakennari - Víðivellir
- » Þroskaþjálfari - Víðivellir

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á hafnarfjordur.is



HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



YFIRMAÐUR SAMNINGADEILDAR

Fasteignasalan TORG auglýsir laust til umsóknar starf yfirmanns samningadeilar. Um er að ræða fullt stöðugildi. Leitað er eftir einstaklingi til að sjá um og halda kaupsamninga sem og sinna þeim skyldum sem fylgja. Hafa yfirumsjón með samningadeild og starfsfólki. Leitað er eftir þjónustu- og samstarfsliþrum einstaklingi með reynslu og stjórnunarþæfileika. Um er að ræða framtíðarstarf sem stendur báðum kynjum jafnt til boða.

MENNTUN OG REYNSLA SKILYRÐI. LÖGGILDING FASTEIGNA- FYRIRTÆKJA- OG SKIPASÖLU SKILYRÐI. LÖGFRÆÐIMENNTUN OG REYNSLA Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM KOSTUR.

Áhugasamir sendi inn umsókn með starfsferilskrá til framkvæmdastjóra fyrir 1. desember næstkomandi á netfangið sigurdur@fstorg.is og/eða á skrifstofu að Garðatorgi 5, 2 hæð. 210 Garðabæ. Fullum trúnaði heitið og öllum umsóknum svarað.

Fasteignasalan TORG er traust og öflug fasteignasala sem hefur einsett sér að veita ávallt topp þjónustu. Á stofunni starfa um 16 manns og verkefna staða góð. Starfsumhverfi glæsilegt og aðbúnaður góður.

Forstöðumaður Pieta húss á Íslandi

Pieta eru forvarnarsamtök um sjálfsvíg og sjálfsskaða. Samtökin eru til húsa að Baldursgötu 7 í Reykjavík. Pieta Ísland mun bjóða upp á ókeypis aðgengilega þjónustu. Fagaðilar munu sjá um viðtölin og stuðst verður við sérstakt viðtalsform Pieta House á Írlandi þar sem jafningja grunnur er hafður að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið er brautryðjendastarf á Íslandi. Forstöðumaður mun fá sérstaka þjálfun á Írlandi. Forstöðumaður heldur utan um daglegan rekstur í Pieta húsi, skipuleggur viðtöl í samráði við starfandi ráðgjafa, sinnir viðtölum að hluta, er í nánú sambandi við stjórn og framkvæmdarstjóra Pieta. Forstöðumaður mun taka þátt í opinberri umræðu sem hefur það markmið að fræða, upplýsa og breyta viðhorfum til sjálfsvíga, sjálfsvígshættu og sjálfsskaða á Íslandi.

Gerð er krafa um:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. sálfræði, geðhjúkrun, félagsráðgjöf
- Reynsla af klínísku starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun æskileg
- Áræðni og úthald við nýsköpun og uppbyggingu
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Metnað til að afla sér aukinnar þekkingar
- Góða hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góða samstarfshæfileika
- Næmni og að geta sýnt umhyggju
- Mjög gott vald á íslenskrí tungu.
- Góða tölvukunnátta.

Óskað er eftir að með umsókn fylgi örstutt greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir skoðunum sínum til sjálfsvígs og sjálfsskaðaforvarna.

Frekari upplýsingar

Um er að ræða 100% stöðu.

Gert er ráð fyrir ráðningu til 2ja ára með möguleika á framlengingu.

Ráðning tekuri gildi 1. janúar 2018 eða eftir nánara samkomlagi

Umsóknarfrestur er til 9. desember 2017

Nánari upplýsingar á heimasíðu www.pieta.is
Umsóknir sendist til: sirry@sirry.is

VERKEFNASTJÓRI MEÐ ÁHUGA Á FLUGVÉLUM



Icelandair leitar að verkefnastjóra til starfa hjá tækniþjónustu félagsins (ITS) með starfsstöð í Hafnarfirði. Í starfinu felst utanumhald á innleiðingu flugvéla og nýs búnaðar, auk annarrar almennrar stjórnunar á verkefnum tengdum þjónustu við viðskiptavini.

STARFSSVIÐ:

- Stjórnun verkefna sem snúa að móttöku, viðhaldi og afhendingu á flugvélum
- Umsjón með tækniþjónustu við viðskiptavini
- Stýring á innleiðingu nýs tækni- og hugbúnaðar
- Stjórnun eða þátttaka í umbótaverkefnum
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á sviði tækni eða viðskipta
- Menntun eða reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af starfi sem snýr að tækniþjónustu flugvéla er kostur
- Góð enskukunnátta og samskiptafærni
- Reynsla af samningagerð er kostur

Nánari upplýsingar veita:

Bjarki Jónas Magnússon | bjarkijm@its.is

Sveina Berglind Jónsdóttir | sveinaj@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 10. desember 2017.

ICELANDAIR



ÞAÐ ER ALDREI LEIÐINLEGT Í LAGNAVERSLUN BREIDD

SÖLUMADUR

STARFSSVIÐ

Starfið felur í sér sölu, ráðgjöf og tilboðsgerð til verkta, iðnaðarmanna og einstaklinga í framkvæmdum.

HÆFNISKRÖFUR

Við leitum að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Þekking á lagnaefni og menntun í pípulögnum er mikill kostur ásamt reynslu af sölu og þekkingu á byggingavörumarkaði. Viðkomandi þarf að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

Um er að ræða framtíðarstörf í 100% stöðu. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsækjendur í þessi störf þurfa að vera a.m.k 18 ára en við hvetjum sérstaklega reynslubolta á öllum aldri til að sækja um. Nánari upplýsingar um störfin veitir Árni B. Kvaran, verslunarstjóri, arnibk@byko.is.

Sótt er um á www.byko.is eða alfred.is
Umsóknarfrestur er til 4. desember.

LAGERSTARFSMAÐUR

STARFSSVIÐ

Starfið felst í afgreiðslu, tiltekt á pöntunum til viðskiptavina og önnur almenn lagerstörf.

HÆFNISKRÖFUR

Starf sem hentar öllum aldurshópum. Lyftarapróf er kostur en ekki nauðsynlegt.

VÖRUMÓTTÖKUSTJÓRI

STARFSSVIÐ

Starfið felst í vörumóttöku, afstemningum/bókun reikninga og utanumhaldi á lager Lagnaverslunar.

HÆFNISKRÖFUR

Starf sem hentar öllum aldurshópum. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.

SPENNANDI FRAMTÍÐARSTÖRF

BYKO ehf. var stofnað 1962 og starfar á byggingavörumarkaði og smásölumarkaði. Hjá okkur starfar öflugur hópur starfsmanna sem myndar frábæra liðsheild með skýra stefnu fyrirtækisins að leiðarljósi. Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Við bjóðum mjög góða vinnuáðstöðu og mikla framtíðarmöguleika.

FAGMENNSKA - GLEÐI
FRAMSÆKNI

BYKO

www.byko.is





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða leikskólastjóra við leikskólann Seljaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Seljaborg.

Seljaborg er þriggja deilda leikskóli í Seljahverfi í Reykjavík. Einkunnarorð leikskólans eru *virðing, jákvæðni, traust og gleði*. Unnið er í anda Hjallastefnunnar og áhersla er lögð á að styrkja börn félagslega og gera þau að sterkum einstaklingum. Skemmtilegt úti-vistarsvæði er í næsta nágrenni og endurbætur á leikskólalóðinni eru fyrirhugaðar á næsta ári. Seljaborg er þátttakandi í verkefninu Læsi allra mál og Heilsueflandi Breiðholt og áhersla er lögð á hollt og gott mataræði. Gott samstarf er við foreldrafélagið og við aðra leikskóla í hverfinu.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Seljaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. febrúar 2018. Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111. Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

SÉRFRÆÐINGUR Í KOSTNAÐARGREININGU



ISLENSKA SIA/IS ICE 86660 11/17

Icelandair óskar eftir að ráða sérfræðing í kostnaðargreiningu til starfa í Framlinu félagsins. Deildin heyrir undir sölu- og markaðssvið Icelandair og annast þjónustu og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Utanumhald á reikningshaldi deildarinnar
- Kostnaðargreining og kostnaðaraðhald
- Eftirfylgni með mælingum og greiningu frávíka
- Undirbúningur við fjárhagsáætlun
- Gerð kostnaðarspár deildarinnar (e. rolling forecast)
- Þróun betri ferla (Lean)
- Önnur tilfallandi verkefni í deildinni

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í viðskipta- eða hagfræði, eða sambærilegum greinum
- Reynsla af reikningshaldi er skilyrði
- Reynsla af áætlunargerð
- Góð kunnátta í ensku og íslensku
- Þekking á straumlinustjórnun (Lean)
- Framúrskarandi greiningarhæfni og nákvæm vinnubrögð
- Samskipta- og hópvinuhæfileikar

Umsækjandi þarf að geta hafið störf í byrjun janúar 2018.

Nánari upplýsingar veita:

Pétur Ómar Ágústsson | poa@icelandair.is
Ásta Björg Davíðsdóttir | astad@icelandair.is
Sarah Unnsteinsdóttir | sarahu@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 4. desember 2017

ICELANDAIR



PRENTARI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða offsetprentara á nýja fjögurra lita Heidelberg Speedmaster 52.

Prentnemi kemur einnig til greina.

Upplýsingar gefa Konráð í síma 893 1195 eða á konni@litrof.is og Erlingur í síma 897 6848 eða á erlingur@litrof.is.

Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Aflmót byggingafélag óskar eftir að ráða öflugan aðila í pípulagningadeild fyrirtækisins. Verkefnastaðan er mjög góð næstu árin og þörf fyrir að bæta við hæfu fólki.

Verkefnastjóri pípulagna

Helstu verkefni

- Fagleg yfirumsjón með pípulögnum í verkefnum Aflmóts
- Tilboðsgerð og efnisinnkaup
- Yfirumsjón á verkstað
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Framvinduskýrslur
- Úttektir og gæðamál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi þarf að getað unnið sjálfstætt og hafa stjórnunarreynslu
- Meistararéttindi í pípulögnum er krafa
- Tæknimenntun er kostur
- Mikil og farsæl starfsreynsla í pípulögnum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Verkstjóri pípulagna

Helstu verkefni

- Pípulagningar
- Verkstýring á verkstað
- Forgangsröðun á verkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í pípulögnum skilyrði, meistararéttindi eru kostur.
- Reynsla af verkstýringu
- Umsækjandi þarf að getað unnið sjálfstætt
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um störfin veitir

Jóhannes Kristjánsson, verkefnastjóri (johannes@afmota.is) í síma 775-5081.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið johannes@afmota.is.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2017.





Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni, sem hafa metnað, sýna frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur.

Brunahönnuður

Við erum að leita að verkfræðingi í brunateymi Byggingasviðs. Starfið felst í brunahönnun mannvirkja og almennri ráðgjöf varðandi brunavarnir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í verkfræði með áherslu á brunahönnun eða áhættugreiningu
- Reynsla af brunahönnun er kostur
- Góð hæfni í skýrslugerð
- Þekking á FDS og Pathfinder er kostur
- Reynsla af notkun teikniforrita, AutoCAD og Revit er kostur

Hönnuður í stjórnkerfum

Við erum að leita að verk- eða tæknifræðingi í stjórnbúnaðarhóp Orkusviðs. Starfið felst í greiningu og hönnun stjórnkerfa, gerð teikninga og forritum stýrivéla og skjámyndakerfa í virkjunum og tengivirkjum. Prófanir og gangsetningar á verkstað geta líka verið hluti starfsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði stjórnkerfa
- Reynsla af vinnu við stjórnkerfi er kostur
- Reynsla af hönnun stýrirása er kostur
- Iðnmenntun er kostur

Landslagsarkitekt / skipulagsfræðingur

Við erum að leita að landslagsarkitekt/skipulagsfræðingi til starfa á Samgöngu- og umhverfissviði. Starfið felst í fjölbreyttum ráðgjafa- og hönnunarstörfum, landslagsgreiningum og skipulagsverkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í landslagsarkitektúr og/eða skipulagsfræðum
- Reynsla æskileg, en ekki skilyrði
- Reynsla af notkun teikniforrita, AutoCAD og Civil 3D er kostur

Tækniteiknari í fjöllínuteikningum

Við erum að leita að tækniteiknara í stjórnbúnaðarhóp Orkusviðs. Starfið felst í gerð fjöllínuteikninga í forritum eins og AutoCAD Electrical og Cadett Elsa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í tækniteiknunar
- Reynsla af notkun t.d. AutoCAD Electrical eða Cadett Elsa
- Reynsla af vinnu við fjöllínuteikningar er kostur
- Áhugi á að tileinka sér nýjungar

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is) fyrir 4. desember n.k.

Nánari upplýsingar veitir

Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, verkefnastjóri mannaúsmála, aoa@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa yfir 300 starfsmenn að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.



Ofanleiti 2 | verkis@verkis.is | 422 8000

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Sjúkrahúsið á Akureyri

~ fyrir samfélagið ~



Vísindi, kennsla, gæðastarf - tækifæri fyrir þig?

Við leitum að áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmanni í 100% stöðu forstöðumans deildar kennslu, vísinda og gæða. Í starfinu reynir á hæfni til að vera í forystu fyrir vísindastarfi, kennslu og þjálfun heilbrigðisstarfsmanna sem og gæðastarfi. Hér þarf að leiða saman ólíka þætti í starfseminni og stuðla að stöðugum umbótum og þróun í starfi.

Forstöðumaður hefur umsjón með daglegri starfsemi deildar kennslu, vísinda og gæða, starfsmannahaldi og fjármálum deildarinnar auk þess sem hann skal vera leiðandi í vísindastarfi. Meistarapróf í heilbrigðisvísindum er skilyrði en doktorspróf er kostur. Skilyrði er að hafa víðtæka reynslu af rannsóknarvinnu og stjórnun. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs.

Forstöðumaður deildar kennslu, vísinda og gæða

UMSÓKNARFRESTRUR:
11. DESEMBER 2017

UMSÓKNIR:
SAK.IS/ATVINNA

Staðan veitist frá 1. febrúar 2018 eða eftir nánara samkomulagi. Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs í síma 463 0100 eða netfang hildig@sak.is. Nánari upplýsingar um starfið og hæfnikröfur eru á www.sak.is/atvinna.



Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.

SAMSKIP



> Viltu vera með í kröftugu liði?

Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í sölu í útflutningsdeild.

Starfssvið

- Tengiliður og viðskiptastjóri fyrirtækja í útflutningsviðskiptum
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Kynning á þjónustulausnum Samskipa
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum

Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfið
- Marktæk reynsla og þekking á sambærilegu starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti

Eiginleikar

- Afburða samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Kappsemi og metnaður til að ná árangri
- Brennandi áhugi á íslenskum sjávarútvegi og útflutningi

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilsskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu og eiginleika.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, www.samskip.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Kvaran forstöðumaður útflutningsdeildar, gunnar.kvaran@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuáætlunum.

Óskum eftir rafvirkjum til framtíðarstarfa.

Við leitum að öflugum einstaklingi sem treystir sér til að gera það sem þarf til að ná frábærum árangri í krefjandi umhverfi.

Við auglýsum eftir vönum rafvirkja til starfa við við alhliða raflagnir. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, þjónustulipur, góður í samskiptum og hafa áhuga á nýjungum í faginu.

Umsóknir og frestur:

Áhugasamir sendi ferilsskrá á harald@hos.is fyrir 15. desember. Fyrirspurnum verður eingöngu svarað í pósti. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

H&S rafverktakar sérhæfa sig í töflusmíði. Aðgangskerfum, ljósleiðurum ásamt þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. H&S rafverktakar er samhent fyrirtæki sem tileinkar sér stundvísni og samviskusemi.

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar

- Aðstoðarmaður í eldhúsi á Sólhvörfum
- Deildarstjóri á Grænatún
- Deildarstjóri á Læk
- Deildarstjóri á Austurkór
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Austurkór
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Álfabeiði
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Fífusölum
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Læk
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Núp
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Sólhvörfum
- Leikskólasérkennari á Austurkór
- Sérkennslustjóri á Rjúpnahæð
- Starfsmaður í sérkennslu á Læk
- Starfsmaður í skilastöðu á Núp

Grunnskólar

- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi og sérkennari í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Kópavogsskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Salaskóla
- Sérkennari og tónmenntakennari á Álfhólsskóla
- Skólaliðar í Smáraskóla
- Skólaliðar í Snælandsskóla
- Stærðfræði og náttúrufræðikennari á unglingsstigi í Álfhólsskóla
- Tónmenntakennari í Álfhólsskóla

Velferðarsvið

- Fulltrúi í Örva starfsþjálfun
- Matráður í félagsmiðstöð aldraðra
- Starfsmaður á vinnustað fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður í sérstæka heimaþjónustu
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Vísindasiðanefnd

Starf skjalavardar/upplýsingafræðings

Vísindasiðanefnd auglýsir laust til umsóknar starf skjalavardar/upplýsingafræðings á skrifstofu Vísindasiðanefndar.

Helstu verkefni:

- Samskipti við umsækendur og samstarfsaðila nefndarinnar
- Vinna við skjalastjórn og skjalavörslu nefndarinnar.
- Móttaka og skráning erinda/mála.
- Frágangur skjala/mála í málaskrá.
- Leitir í skjalasafni, upplýsingaöflun og –miðlun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun/reynsla á sviði bókasafns- eða upplýsingafræði.
- Þekking og reynsla af skjalastjórnarkerfum stofnana.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Ábyrgð, nákvæmni og vandvirkni.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Mjög gott vald á íslensku er skilyrði.
- Mjög góð kunnátta í ensku er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Hæfni við miðlun upplýsinga.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Baldursson, framkvæmdastjóri, í síma 5517100. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast Vísindasiðanefnd, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið ebb@vsn.is eigi síðar en **fimmtudaginn 4. desember 2017**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

Sérfræðingur á sviði umhverfisstjórnunar



FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSYNI

Vegagerðin leitar að rétta einstaklingnum til að leiða starf á sviði umhverfisstjórnunar hjá stofnuninni. Starfið heyrir undir gæðadeild. Vegagerðin hefur um nokkurt skeið unnið að uppbyggingu stjórnunarkerfis með hliðsjón af ISO stöðlum þ.m.t. ISO 14001. Vegagerðin er einnig þátttakandi í verkefninu *Græn skref í ríkisrekstri*.

Vakin er athygli á því að Vegagerðin er með tuttugu starfsstöðvar á landinu og starfsmenn einstakra deilda geta því verið staðsettir víðs vegar um landið.

Umsækjandi skal því tilgreina í umsókn þann stað sem hann óskar eftir að hafa sem starfsstöð.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun þverfaglegra verkefnateyma um innleiðingu umhverfisstjórnunar.
- Umsjón með framfylgd umhverfisstefnu, greiningar- og stefnmótunarverkefni.
- Vöktun á umhverfisþáttum og mat á áhættu vegna umhverfisatvika. Gerð viðbragðs- og neyðaráætlana.
- Innleiðing grænna skerfa í ríkisrekstri í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur á starfsstöðvum.
- Ráðgjöf, fræðsla og þróun verklags er varðar umhverfisstjórnun.
- Samstarf við innlenda og erlenda samstarfsaðila á sviði umhverfisstjórnunar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi, s.s. á sviði verkfræði, umhverfis- og/eða náttúruvísinda. Framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking og reynsla af umhverfisstjórnun skv. alþjóðlegum stjórnunarstöðlum.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti, auk kunnáttu í ensku og Norðurlandamáli.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásrún Rudolfsdóttir gæðastjóri í síma 522 1000 og í gegnum netfangið asrun.rudolfsdottir@vegagerdin.is og Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri í gegnum netfangið sigurbjorg.helgadoottir@vegagerdin.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Óskum eftir snjöllum stelpum og strákum í söluteymið okkar

Vegna mikils áhuga frá viðskiptavinum þurfum við að bæta við öflugum fólki í Reykjavík, á Akranesi og Ísafirði.

Söluhönnuður

Æskilegir eiginleikar

- Frjó hugsun
- Útsjónarsemi
- Greiningarhæfileikar
- Vandvirkni

Reynsla og þekking

- Kunnátta á teikniforrit, t.d. AutoCad
- 3D hönnun í Factory Suite
- Þekking á vinnslutækni og búnaði
- Reynsla af matvælavinnslu

Verkefni

- Hönnun og bestun vinnsluferfa
- Gerð kerfisteikninga
- Greining vinnsluferla og aðferða
- Þátttaka í sölumálum og gerð kerfislýsinga
- Verðútreikningar
- Afkastaútreikningar á tækjum og vinnsluferfum

Svæðissölustjóri

Æskilegir eiginleikar

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og kraftur
- Þarf að geta unnið undir miklu álagi
- Skipulagshæfileikar

Reynsla og þekking

- Reynsla af sjómennsku eða fiskvinnslu
- Þekking á vinnslutækni og búnaði
- Samningatækni
- Reynsla í alþjóðaviðskiptum æskileg
- Íslenska og enska nauðsyn, önnur tungumálakunnátta kostur

Verkefni

- Áætlanagerð og markmiðasetning
- Forgangsröðun verkefna
- Þátttaka í hönnun og bestun lausna fyrir viðskiptavinum
- Útbúa kynningarefni, lýsingar og tilboð
- Sala á vörum og lausnum ásamt samningum þar um
- Ábyrgð og yfirsýn yfir markaðssvæði

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störf.

Umsóknir sendist á: job@skaginn3x.com

Nánari upplýsingar veitir Jón Birgir Gunnarsson í síma 780 3050 eða jonbg@skaginn3x.com.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2017.



SKAGINN 3X

www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaíðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavininn að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 200 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m². Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvæða- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldið allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning. **Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**



Staða leikskólastjóra við leikskólann Lyngheima

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Lyngheimum.

Lyngheimar er fjögurra deilda leikskóli í Rimahverfi í Grafarvogi í Reykjavík. Leiðarljós leikskólans eru *virðing, umhyggja* og *tillitsemi* og markvisst er unnið með þau í starfinu. Leikskólinn starfar í anda Reggio Emilia og áhersla er lögð á ferilvinnu, skapandi starf, tónlist og gagnrýna hugsun og að barnið móti eigin menningu og lífsgildi. Unnið er með opið flæði og mikil samvinna er milli deilda. Útileiksvæðið er stórt og býður upp á mikla möguleika en Lyngheimar er Grænfánaskóli og tekur þátt í verkefnum Heilsueflandi leikskóli.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Lyngheimum.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutílhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. febrúar 2018. Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Óska eftir sölumönnum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í jan 2018. Mikilvægt er að viðkomandi sé með gott sjálfstraust og hafi reynslu af sölumennsku.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

sala@passinn.is



HLJÓMAHÖLL

HLJÓÐMAÐUR/VERKEFNASTJÓRI Í HLJÓMAHÖLL

Hljómahöll auglýsir lausa stöðu hljóðmanns/verkefnastjóra. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi þjónustulund, vera mjög sveigjanlegur varðandi vinnutíma, geta haft umsjón með hljóðvinnslu og verkefnastjórn á viðburðum og helst búa yfir tæknimenntun af einhverju tagi.

HELSTU VERKEFNI

